

Fimmtudaginn 2. nóvember 1978.

Nr. 229/1977. **Ákærvaldið**

(Bragi Steinarsson settur vararíkis-  
saksóknari)

gegn

**Sigurbirni Eldon Logasyni**

(Hrafnkell Ásgeirsson hrl.).

Bifreiðar. Brot gegn umferðarlögum og áfengislögum.

### **Dómur Hæstaréttar.**

Dóm þennan kveða upp hæstaréttardómararnir Ármann Snævarr, Logi Einarsson og Þór Vilhjálmsson.

Héraðsdómari hefur réttilega sakfelld ákærða fyrir það atferli, sem honum er gefið að sök í ákæruskjali og framið var 6. febrúar 1976, og fært háttsemi hans til refsíákvæða, sem við eiga. Um beitingu laga nr. 54/1976 vísast til 2. gr. almennra hegningarlaga nr. 19/1940. Við refsíákvörðun í máli þessu ber að leggja til grundvallar viðurlög þau, er greinir í 45. gr. áfengislaga nr. 82/1969, sem í gildi voru, er ákærði framdi brot sitt, en viðurlögum 5. gr. laga nr. 52/1978 verður eigi beitt, shr. 2. gr. almennra hegningarlaga.

Staðfesta ber héraðsdóm um refsingu, ökuleyfissviptingu og greiðslu sakarkostnaðar.

Dæma ber ákærða til greiðslu alls kostnaðar af áfrýjun sakarinnar, þar með talin saksóknarlaun í ríkissjóð, 50.000 krónur, og málsvarnarlaun skipaðs verjanda síns, 50.000 krónur.

### **D ó m s o r ð:**

Hinn áfrýjaði dómur á að vera óraskaður.

Ákærði, Sigurbjörn Eldon Logason, greiði allan kostnað af áfrýjun sakarinnar, þar með talin saksóknarlaun í ríkissjóð, 50.000 krónur, og málsvarnarlaun skipaðs verj-

anda síns, Hrafnkels Ásgeirssonar hæstaréttarlögmanns, 50.000 krónur.

Dóminum ber að fullnægja með aðför að lögum.

### **Dómur sakadóms Reykjavíkur 18. maí 1977.**

Ár 1977, miðvikudaginn 18. maí, var á dómþingi sakadóms Reykjavíkur, sem háð var í Borgartúni 7 af Gunnlaugi Briem sakadómara, kveðinn upp dómur í sakadómsmálinu nr. 259/1977: Ákærvaldið gegn Sigurbirni Eldon Logasyni, sem tekið var til dóms 11. þ. m.

Málið er höfðað með ákæruskjali ríkissaksóknara, dagsettu 17. nóvember 1976, gegn ákærða „Sigurbirni Eldon Logasyni, Sæviðarsundi 13, Reykjavík, fæddum 8. mars 1934 í Reykjavík, fyrir að aka föstudaginn 6. febrúar 1976 undir áhrifum áfengis bifreiðinni R 5771 frá Veitingastofu Nonna, Skúlagötu 12, Stykkishólmi, að félagsheimilinu þar á staðnum.

Telst þetta varða við 2. mgr., sbr. 4. mgr. 25. gr., sbr. 80. gr. umferðarlaga nr. 40/1968, sbr. lög nr. 54/1976, og 1. mgr. 24. gr., sbr. 45. gr. áfengislaga nr. 82/1969.

Þess er krafist, að ákærði verði dæmdur til refsingar, til ökuleyfissviptingar samkvæmt 81. gr. umferðarlaga og 1. mgr. 24. gr. áfengislaga og til greiðslu alls sakarkostnaðar.

Samkvæmt sakavottorði ákærða hefur hann sætt kærur og refsingum sem hér segir:

1950 17/12 Reykjavík: Áminning fyrir bifreiðalagabrot.

1954 10/11 Reykjavík: Sátt, 125 kr. sekt fyrir brot á 26. gr. bifreiðalaga og 46. gr. lögreglusamþykktar.

1955 24/6 Reykjavík: Dómur: 1.200 kr. sekt, sviptur ökuleyfi í 6 mánuði, fyrir brot á áfengislögum og bifreiðalögum.

1956 31/5 Reykjavík: Sátt, 100 kr. sekt fyrir brot á 46. gr. lögreglusamþykktar.

1956 26/6 Reykjavík: Sátt, 1.500 kr. sekt, 3.700 kr. skaðabætur, fyrir brot á 217. gr. hegningarlaga.

1956 12/9 Reykjavík: Sátt, 100 kr. sekt fyrir ökuhraða.

1957 13/9 Reykjavík: Sátt, 100 kr. sekt fyrir óskoðaða bifreið.

1957 12/11 Reykjavík: Sátt, 100 kr. sekt fyrir ölvun á almanna-færi.

1959 7/3 Reykjavík: Sátt, 150 kr. sekt fyrir ölvun.

1959 23/4 Reykjavík: Sátt, 250 kr. sekt fyrir ölvun.

- 1960 16/2 Reykjavík: Sátt, 150 kr. sekt fyrir ölvun.  
 1960 13/4 Reykjavík: Sátt, 350 kr. sekt fyrir ölvun.  
 1960 25/11 Reykjavík: Sátt, 600 kr. sekt fyrir ölvun.  
 1960 12/12 Reykjavík: Sátt, 150 kr. sekt fyrir ölvun.  
 1961 3/8 Reykjavík: Sátt, 200 kr. sekt fyrir ölvun.  
 1961 18/5 Ísafirði: Sátt, 250 kr. sekt fyrir brot á 21. gr. áfengis-  
 laga og 3. gr. lögreglusamþykktar Ísafjarðar.  
 1963 29/4 Reykjavík: Sátt, 200 kr. sekt fyrir ölvun.  
 1963 4/5 Reykjavík: Sátt, 150 kr. sekt fyrir ölvun.  
 1963 3/9 Reykjavík: Sátt, 300 kr. sekt fyrir ölvun.  
 1963 19/9 Reykjavík: Sátt, 150 kr. sekt fyrir ölvun.  
 1963 16/10 Reykjavík: Sátt, 200 kr. sekt fyrir ölvun.  
 1963 2/12 Reykjavík: Sátt, 200 kr. sekt fyrir ölvun.  
 1963 21/12 Reykjavík: Sátt, 150 kr. sekt fyrir ölvun.  
 1964 12/2 Reykjavík: Sátt, 300 kr. sekt fyrir ölvun.  
 1964 6/6 Reykjavík: Sátt, 200 kr. sekt fyrir ölvun.  
 1964 5/9 Reykjavík: Sátt, 400 kr. sekt fyrir ölvun.  
 1965 20/4 Reykjavík: Sátt, 1.100 kr. sekt fyrir ölvun.  
 1965 20/10 Reykjavík: Sátt, 800 kr. sekt fyrir ölvun.  
 1966 6/9 Reykjavík: Sátt, 1.000 kr. sekt fyrir ölvun.  
 1966 15/10 Reykjavík: Sátt, 200 kr. sekt fyrir ölvun.  
 1967 4/1 Reykjavík: Sátt, 500 kr. sekt fyrir ölvun.  
 1968 1/2 Reykjavík: Sátt, 450 kr. sekt fyrir brot á 27. og 50.  
 gr. umferðarlaga.  
 1969 11/6 Reykjavík: Sátt, 1.000 kr. sekt fyrir brot á 6. gr.  
 áfengislaga.  
 1970 5/5 Reykjavík: Sátt, 500 kr. sekt fyrir brot á 21. gr.  
 áfengislaga.

Málavextir eru þessir:

Föstudaginn 6. febrúar 1976, kl. 0830, barst tilkynning til lög-  
 reglunnar í Stykkishólmi, að bifreiðin R 5771 væri í akstri um  
 bæinn og að líkindum væri ökumaður hennar ölvaður. Lögreglu-  
 menn fóru að sinna þessu. Veittu þeir bifreiðinni athygli, þar  
 sem henni var ekið upp að félagsheimilinu í Stykkishólmi. Þegar  
 þeir komu þangað, var ökumaðurinn farinn úr bifreiðinni, en var  
 utan við húsið. Þeir höfðu tal af honum, og bar hann greinileg  
 merki ölvunar. Ökumaðurinn var Sigurbjörn Eldon Logason,  
 ákærði í máli þessu. Aðspurður kvaðst ákærði hafa verið við  
 akstur bifreiðarinnar skömmu áður. Hafi hann ekið frá Veitinga-

stofu Nonna í Stykkishólmi að félagsheimilinu, þar sem hann lauk akstrinum.

Að lokinni yfirheyrslu var ákærði færður í sjúkrahúsið í Stykkishólmi, þar sem Pálmi Frímannsson héraðslæknir tók af honum blóðsýni til alkóhólranssóknar.

Ákærði skýrði lögregluvarðstjóra frá því, að hann hefði drukkið um 1/2 þriggja pela flösku af áfengi nóttina fyrir framangreindan akstur milli kl. 0200 og 0300, en ekki neytt áfengis eftir að akstri lauk.

Í skýrslu varðstjóra segir, að talsverður áfengisþefur hafi verið af andardrætti ákærða, augu hans rauð, framkoma kærulaus, jafnvægi óstöðugt, málfar þvöglulegt og frásögn ruglingsleg.

Ákærði hefur skýrt frá því, að hann hafi starfað sem verktaki við flísalagnir í félagsheimilinu í Stykkishólmi í febrúar 1976. Hafði hann herbergi á leigu þar í bæ. Að kvöldi fimmtudagsins 5. febrúar ók hann til kunningja síns í Stykkishólmi og þáði þar 2 til 3 staup af léttu víni. Hann fór gangandi heim til sín, en fékk stúlku, sem þar bjó, til að sækja bifreið hans, R 5771.

Ákærði átti flösku með vínblöndu í í herbergi sínu. Hann kveðst hafa drukkið um þriðjung af innihaldi flöskunnar á milli kl. 0100 og 0200 um nóttina. Morguninn eftir fékk hann áðurgreinda stúlku til að aka bifreiðinni að Veitingastofunni Nonna. Þar borðaði hann morgunmat. Eftir það ók hann bifreiðinni að félagsheimilinu, en þangað ætlaði hann að fara til vinnu. Þegar hann kom út úr bifreiðinni, hitti hann mann, sem hann getur ekki nafngreint. Maður þessi kom að félagsheimilinu og tók ákærða tali. Ákærði hafði meðferðis flösku þá, er hann drakk úr um nóttina. Hann kveðst hafa fengið sér sopa úr flöskunni, þegar hann kom út úr bifreiðinni og aftur þegar hann var að tala við manninn. Lögreglan hafði afskipti af ákærða, þegar hann var að tala við mann þennan, og telur ákærði eftir sögn mannsins, að þá hafi allt að hálf tími verið liðinn frá því hann kom á staðinn. Ákærði kveðst hafa haldið á flöskunni, er lögreglan kom, og hafi nokkur vínlögg verið í henni. Hann minnir, að lögreglan hafi tekið flöskuna í sínar vörslur. Hann neitar því eindregið, að hann hafi verið undir áfengisáhrifum, þegar hann ók að félagsheimilinu.

Ákærða var bent á það, að í skýrslu varðstjóra er bókað eftir honum, að hann hefði ekki neytt áfengis eftir að akstri lauk. Hann segir, að annað hvort hafi hann misskilið spurningu varðstjóra eða hann hafi ekki gert sér grein fyrir mikilvægi spurn-

ingarinnar, þar sem hann hafi verið í „sjokki“ eftir handtökuna.

Vitnið Jónína Þorbjörg Gunnarsdóttir, Hofsstöðum í Helgafellssveit, hefur skýrt svo frá: „Um kl. 03.00 aðfaranótt föstudagsins 6. febrúar s.l. var ég vakin af manni, sem kallaði sig Bjössa. Það hann mig að sækja fyrir sig bifreið sína, sem stóð við Aðalgötu 8, Stykkishólmi. Fór ég og sótti bifreiðina, sem var með R númeri, og ók henni að Skólastíg 28, þar sem maður þessi bjó. Um morguninn um kl. 8 ók ég manni þessum frá Skólastíg 28 og að Veitingastofunni Nonna, þar sem ég skildi við hann fyrir utan bifreiðina, og var klukkan þá rúmlega 8. Var maður þessi þá auðsjáanlega ölvaður“.

Vitnið Jón Ólafur Gunnarsson, Skúlagötu 12, Stykkishólmi, er rekur Veitingastofuna Nonna, hefur skýrt frá því, að ákærði, Sigurbjörn Eldon Logason, hafi komið inn í veitingahús þess klukkan rúmlega 0800 föstudaginn 6. febrúar 1976 og hafi ákærði verið áberandi ölvaður. Bifreið ákærða stóð fyrir utan veitingastofuna, en ekki kveðst vitnið vita, hvort ákærði hafi ekið henni sjálfur þangað. Vitnið kveður ákærða hafa verið drukkinn og hafi hann verið með röfl á meðan hann drakk kaffið. Vitnið kveðst hafa talið ákærða það ölvaðan, að hann ætti alls ekki að vera á ferðinni, svo að það hringdi í lögregluna og lét vita af ákærða. Skömmu eftir að vitnið hafði hringt í lögregluna, kveður það ákærða hafa farið beint út í bifreiðina, sem stóð fyrir utan veitingahúsið, og ekið burt. Bifreið þessi var gul station bifreið, sem vitnið telur, að hafi verið í eigu ákærða.

Vitnið kveðst hafa fylgst með ákærða, þegar hann ók brott, og hafi lögreglan komið broti úr mínútu síðar. Lögreglan stöðvaði ekki hjá veitingahúsinu, heldur ók viðstöðulaust á eftir bifreið ákærða.

Vitnið Hafsteinn Sigurðsson, lögregluþjónn í Stykkishólmi, hefur skýrt frá því, að Jón Guðbjartsson, Skúlagötu 12 þar í bænum, eigandi Veitingastofunnar Nonna, hafi hringt í lögregluna umrætt sinn og tilkynnt, að í veitingastofunni væri staddur Sigurbjörn Eldon Logason. Sagði Jón, að Sigurbjörn Eldon væri drukkinn. Óttaðist hann, að Sigurbjörn Eldon mundi aka bifreiðinni R 5771, er hann færi frá veitingastofunni. Vitnið kveður þá lögreglumennina hafa haldið að Veitingastofunni Nonna, og er þangað kom, séð bifreið ákærða, R 5771, á leið eftir Borgarbraut í átt frá veitingastofunni. Þeir veittu bifreiðinni eftirför að félagsheimilinu í Stykkishólmi. Áttu þeir ófarna 500—600 metra að

bifreiðinni, er slökkt var á afturljósum hennar. Þegar þeir komu að bifreiðinni, var ákærði farinn út úr henni. Vitnið gekk beint inn í anddyri félagsheimilisins til að svipast um eftir ákærða, en sá hann ekki. Hélt það strax aftur út og fyrir hornið á húsinu. Kom það að ákærða, þar sem hann var að ræða við Hrafn Jónas- arson. Vitnið man ekki, hvort ákærði hélt á flösku. Vitnið telur, að liðið hafi í mesta lagi 3—4 mínútur frá því lögreglumennirnir sáu, að slökkt var á ljósum bifreiðarinnar, uns þeir komu að ákærða. Vitnið skrifaði lögregluskýrslu og kveðst staðfesta hana.

Vitnið Gunnleifur Kjartansson lögregluþjónn hefur skýrt frá því, að Jón Ólafur Guðbjörnsson, eigandi Veitingastofunnar Nonna, hafi gert lögreglunni aðvart um akstur ákærða. Vitnið staðhæfir, að ákærði hafi verið handtekinn í beinu framhaldi af eftirför lögreglumanna og hafi aðeins liðið örstutt stund frá því bifreið ákærða var stöðvuð við félagsheimilið þar til ákærði var handtekinn á bak við það. Giskar vitnið á, að um 3—4 mínútur í hæsta lagi hafi verið að ræða, en Hafsteinn Sig- urðsson lögreglumaður hafði hlaupið augnablik inn í anddyri fé- lagsheimilisins, en síðan fóru vitnið og hann bak við húsið. Vitnið minnst þess ekki að hafa séð ákærða eða Hrafn halda á flösku, þegar ákærði var handtekinn.

Vitnið Hrafn Jónasarson, Vallartröð 8, Kópavogi, kveðst hafa verið að vinna við félagsheimilið í Stykkishólmi 6. febrúar 1976, er vinnufélagi þess, ákærði Sigurbjörn Eldon Logason, kom til þess. Fór hann að ræða við vitnið, og hafði samtalið staðið í um 15 mínútur, er lögreglan kom á vettvang. Vissi vitnið þá fyrst, að ákærði hafði komið á bifreið að félagsheimilinu. Ákærði var að sögn vitnisins eitthvað með áfengisáhrifum. Hann hafði með- ferðis brennivínsflösku og neytti af henni, á meðan hann var að tala við vitnið. Smáleki var á flöskunni, og drakk ákærði hann á meðan hann var að ræða við vitnið.

Alkóhólmagníð í blóðsýnishorninu, sem tekið var úr ákærða, var 1.93‰.

Samkvæmt niðurstöðum alkóhólrannsóknar, framburðum vitna og öðrum gögnum málsins telst sannað, að ákærði hafi gerst sekur um atferli það, sem honum er gefið að sök í ákæruskjali, þrátt fyrir neitun hans um það. Varðar þetta atferli ákærða við 2. mgr., sbr. 4. mgr. 25. gr., sbr. 80. gr. umferðarlaga nr. 40/1968, sbr. lög nr. 54/1976 og 1. mgr. 24. gr., sbr. 45. gr. áfengislaga nr. 82/1969.

Refsing ákærða þykir hæfilega ákveðin 50.000 króna sekt, er renni til ríkissjóðs, og komi varðhald í 10 daga í stað sektarinnar, verði hún ekki greidd innan 4 vikna frá birtingu dómsins.

Svo sem krafist er í ákæruskjali og samkvæmt lagaákvæðum þeim, er þar greinir, ber að svipta ákærða ökuleyfi. Þykir ökuleyfissvipting hans hæfilega ákveðin í 1 ár frá dómsbirtingu.

Loks ber að dæma ákærða til greiðslu alls sakarkostnaðar, þar með talin málsvarnarlaun til skipaðs verjanda síns, Hrafnkels Ásgeirssonar hæstaréttarlögmanns, kr. 15.000.

#### Dómsorð:

Ákærði, Sigurbjörn Eldon Logason, greiði 50.000 króna sekt til ríkissjóðs, og komi varðhald í 10 daga í stað sektarinnar, verði hún eigi greidd innan 4 vikna frá birtingu dóms þessa.

Ákærði skal frá birtingu dómsins sviptur ökuleyfi í 1 ár.

Ákærði greiði allan sakarkostnað, þar með talin málsvarnarlaun til skipaðs verjanda síns, Hrafnkels Ásgeirssonar hæstaréttarlögmanns, kr. 15.000.

Dóminum ber að fullnægja með aðför að lögum.

Fimmtudaginn 9. nóvember 1978.

Nr. 75/1977. **Rafveita Siglufjarðar**

(Hörður Einarsson hrl.)

gegn

**Holtshreppi**

(Sigurður Ólason hrl.).

Lögtak. Máli vísað frá Hæstarétti. Áfrýjunarfrestur.

#### Dómur Hæstaréttar.

Mál þetta dæma hæstaréttardómaramarnir Logi Einarsson, Benedikt Sigurjónsson, Magnús Þ. Torfason og Þór Vilhjálmsson og Guðmundur Jónsson borgardómari.

Áfrýjandi skaut máli þessu til Hæstaréttar með stefnu 4.